

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með sett eftirgreind sérákvæði um umferð í Kópavogskaupstað:

1. Umferð um tengiveg frá Vogatungu til suðurs inn á Hafnarfjarðarveg (Reykjanesbraut) er bönnuð.
2. Samfelld gata, sem liggur meðfram Hafnarfjarðarvegi (Reykjanesbraut) austan hans á svæðinu frá gatnamótum Nýbýlavegar—Hafnarfjarðarvegur inn á Hafnarfjarðarveg rétt norðan Hlíðarvegur, en gata þessi er nú nefnd Vogatunga—Dalbrekka, skal njóta aðalbrautarréttar samkvæmt 2. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga, þó þannig að umferð um þessa götu víki fyrir umferð um Hafnarfjarðarveg þar sem hún tengist honum á framangreindum stöðum.
3. Bannað er að beygja til vinstri á Hafnarfjarðarvegi við báða enda grindverks, sem er á miðjum Hafnarfjarðarvegi á Kópavogshálsi, allt að næstu gatnamótum sunnan og norðan grindverks þessa.
4. Bifreiðastöður við austanverða Grænutungu eru bannaðar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 22. október 1968.

Sigurgeir Jónsson.

Nr. 276.

17. október 1968.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Akrahreppi.

Reglugerð þessi stað staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 51, 10. júní 1964 5. gr. til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. október 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.